

Reglur um innritun og útskrift nemenda úr íslenskuveri

Fyrir hverja er íslenskuver?

- Íslenskuver er tímabundin viðbótarþjónusta fyrir nemendur í 5.-10.bekk sem eru að flytja til landsins og eru byrjendur í íslensku.
- Forgangur:
 - Nemendur eru teknir inn eftir aldri. Elstu nemendur grunnskólans hafa forgang, þ.e. nemendur í 10.bekk.
 - Börn sem koma frá málsvæðum eða löndum þar sem tónamál er ríkjandi njóta forgangs. Nemendur sem þekkja ekki latneskt stafróf njóta einnig forgangs.
 - Starfsemi íslenskuvera byggir á að nemendur geti unnið sjálfstætt.

Skipulag íslenskukennslu

- Skóladagatal íslenskuversins fylgir þeim skóla þar sem íslenskuverið er staðsett.
- Nemendur fylgja almennt skóladagatali heimaskóla eða samkvæmt samkomulagi.
- Nemendur sækja kennslu í sínum heimaskóla a.m.k einn heilan dag í viku.
- Kennsla í íslenskuveri fer fram fyrir hádegi alla virka daga. Eftir hádegi sækja börn tíma í heimaskóla.
- Nemendur taka þátt í öllu uppbroti á skólastarfi með bekkjarfélögum/námshópi heimaskóla.
- 1. júní er lokadagur íslenskuvera, eftir það sækja nemendur heimaskóla.

Útskrift úr íslenskuveri

- Nemendur útskrifast úr íslenskuveri þegar þeir ná hæfniviðmiðum fyrsta stigs í íslensku sem öðru tungumáli (skv. hæfniviðmiðum Aðalnámskrár, kafla 19.4).
- Við útskrift úr íslenskuveri er haldinn skilafundur með kennurum íslenskuvera og umsjónarkennara þar sem farið er yfir stöðu barnsins og með hvaða hætti megi styðja við áframhaldandi nám í heimaskóla.
- Nemendur sem byrja í íslenskuveri eftir 1.apríl fara í stöðumat í lok ágúst til að meta hvort þeir haldi áfram í íslenskuveri.

Innritun í íslenskuver

- Allir nemendur eru skráðir í sinn hverfisskóla þar sem unnið er skv. móttökuáætlun skólans og Velkomin í hverfið þitt.
- Nemendur eru skráðir í umsjónarþétt/hóp.
- Starfsemi íslenskuvera er kynnt foreldrum og þeim boðið að sækja um fyrir barn sitt.
- Nemendur sækja almenna kennslu í heimaskóla fyrstu vikunnar áður en þeir fara í íslenskuver.
- Heimaskóli lætur nemendum í té einstaklingsmiðaða stundaskrá sem sýnir hvenær barnið mætir í íslenskuver og hvenær í heimaskóla.
- Mætingaskylda er í íslenskuver og hljóti nemandi 30 fjarvistir er plássinu úthlutað annað.
- Ekki er innritað í íslenskuver eftir 1.maí.
- Engin akstursþjónusta er í og úr íslenskuverum.

Samstarf íslenskuvera og heimaskóla

- Börn eru áfram nemendur heimaskóla samhliða því að sækja stuðning í íslenskuver.
- Við innritun skal tekin ákvörðun um hvernig upplýsingagjöf milli íslenskuvera og heimaskóla skuli háttáð.
- Gera þarf ráð fyrir vinnu við að sinna samstarfi íslenskuvera og heimaskóla til að tryggja vellíðan barnsins og virka þátttöku í skóla- og frístundastarfi.
 - Stöðumat og kennsluáætlanir
 - Líðan barns
 - Námstilhögun
 - Félagsleg aðlögun
 - Viðburðir og uppbot
 - Foreldrasamstarf

